



SIGLINGASTOFNUN

**Skýrsla Siglingastofnunar
um framkvæmd samgönguáætlunar 2010
(siglingamálaáætlun)**

Desember 2011

Efnisyfirlit

Skýrsla Siglingastofnunar um framkvæmd samgönguáætlunar 2010 (siglingamálaáætlun)	5
3.1 Fjármál	5
3.1.1. Tekjur og framlög	5
3.1.2. Viðskiptahreyfingar	6
3.1.3. Rekstur og þjónusta	6
Yfirstjórn	6
<i>Skipulag</i>	6
<i>Hafnaráð</i>	6
<i>Siglingaráð</i>	6
<i>Innra skipulag og starfshættir</i>	7
Árangursstjórnunarsamningur	7
Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála	9
Alþjóðasamstarf	9
Upplýsingamiðlun	10
Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi	10
Skipaefirlit	11
Fjöldi skipa og báta	11
Áhafnamál og skírteini	12
Hafnarríkiseftirlit	12
Áætlun um öryggi sjófarenda	12
Hafnir, líkantilaunir og grunnkort	13
Rannsóknir og þróun	14
Rannsóknir sjóslysa	15
Siglingavernd (skipa-, hafna- og farmvernd)	16
Vaktstöð siglinga	16
3.1.4. Stofnkostnaður	17
Vitar og leiðsögukerfi	17
Hafnaframkvæmdir	17
Ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir	17
Snæfellsbær	17
Grundarfjörður	17
Stykkishólmur	17
Búðardalur	18
Reykhólar	18
Vesturbyggð	18
Tálknafjörður	18
Bolungarvík	18
Ísafjarðarbær	18
Súðavík	19
Norðurfjörður	19
Drangsnes	19
Hólmavík	19
Hvammstangi	19
Skagaströnd	19
Skagafjörður	19
Fjallabyggð	19
Dalvíkurbyggð	19
Hafnasamband Norðurlands	19
Norðurþing	20
Langanesbyggð	20
Vopnafjörður	20
Borgarfjörður eystri	20
Seyðisfjörður	20
Fjarðabyggð	20
Breiðdalsvík	20
Djúpivogur	20
Höfn í Hornafirði	21
Landeyjahöfn	21
Vestmannaeyjar	21

Þorlákshöfn.....	22
Grindavík.....	22
Óstyrkhæfar hafnaframkvæmdir.....	22
Faxaflóahafnir.....	22
Norðurþing.....	23
Fjarðabyggð.....	23
Hafnarfjarðarhöfn.....	23
Ferjubryggjur.....	23
Sjóvarnargarðar.....	23
Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða.....	26
Dalvíkurbyggð.....	26
Töflur.....	27
I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2010.....	27
II. Verk sem lauk árið 2010 á meðalverðlagi ársins 2010.....	28
III. Kostnaður við sjóvarnir 2010.....	28
IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnagerðar 2010.....	29
V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2010.....	29
VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2010.....	29
VII. Fjárveitingar til sjóvarna 2010.....	30
VIII. Sjóvarnir sem lokið var við árið 2010.....	30

**Skýrsla Siglingastofnunar
um framkvæmd samgönguáætlunar 2010
(siglingamálaáætlun).**

Með lögum nr. 33/2008, er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmd og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára þar sem mörkuð skal stefna fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Árið 2007 var síðast lögð fram á Alþingi slík áætlun fyrir árin 2007–2018 en hún var ekki samþykkt.

Hins vegar kveða lög in á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðuðar eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Árið 2009 gekk í gildi ný fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012. Í lögnum er gert ráð fyrir að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd þessarar áætlunar næstliðið ár. Því er greinargerð þessi tekin saman.

3.1 Fjármál.

3.1.1 Tekjur og framlög

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2007–2010, tölum úr fjárlögum og fjárukaalögum fyrir árið 2010 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2010. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2010	Fjárheimildir 2010	Rauntölur 2010
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Vitagjald	240,0	240,0	248,7
Markaðar tekjur alls	240,0	240,0	248,7
Framlag úr ríkissjóði			
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	5,3	1,3	2,5
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	1,8
Prófagjöld		1,0	0
Aðgangur að skrá		3,0	0,7
Aðrar ríkistekjur alls:	6,6	6,6	5,0
Sértekjur	212,6	212,6	295,0
Til ráðstöfunar alls	459,2	459,2	548,7
Rekstrargjöld:			
Hafnamál	27,0	28,0	17,4
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	45,0	45,0	29,9
Rekstur Hafnabótasjóðs	13,0	13,0	4,2
Siglingavernd	14,0	14,0	16,3
Skipamál	66,0	66,0	83,0
Vitar- og leiðsögukerfi	137,1	137,1	142,5
Vaktstöð siglinga	309,0	309,0	310,2
Skipaæftirlit	100,2	99,2	102,4
Hafnarríkiseftirlit	27,0	27,0	35,0
Rannsóknir og þróun	50,0	50,0	51,0
Áætlun um öryggi sjófarenda	20,0	20,0	8,8
Þjónustuverkefni	219,2	219,2	300,0
Rekstrargjöld alls:	1.027,5	1.027,5	1.100,7
Stofnkostnaður:			
Vitar og leiðsögukerfi	32,0	32,0	28,2
Hafnamannvirki	282,6	282,6	285,2
Landeyjahöfn	1.045,1	1.385,6	1.328,6
Lendingarbætur			0,1
Ferjubryggjur	12,3	12,3	0,6
Sjóvarnargarðar	133,6	83,6	69,2
Stofnkostnaður alls:	1.505,6	1.796,1	1.711,9

3.1.2 Rekstur og þjónusta.

Yfirstjórn.

Skipulag.

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að hagsbótum fyrir sjófarendur og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmda-áætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Í hafnaráði sátu fram á haust 2010:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefning</i>
Smári Geirsson, formaður	skipaður án tilnefningar.
Ólafur H. Kárason	skipaður án tilnefningar.
Jóna Benediktsdóttir	skipuð án tilnefningar.
Már Sveinbjörnsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Ólafur M. Kristinsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Friðrik J. Arngrímsson	skipaður skv. tilnefningu Samtaka atvinnulífsins.

Á hafnasambandsþingi sem haldið var í Stykkishólmi 23.-24. september 2010 voru skipaðir nýir fulltrúar af hálfu Hafnasambands Íslands í stað Más Sveinbjörnssonar og Ólafs M. Kristinssonar en þeir voru Ásthildur Sturludóttir og Sveinn M. Valgeirsson.

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Eftir að ný ríkisstjórn tók við í júní 2009 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefning</i>
Björn Valur Gíslason, formaður	skipaður án tilnefningar.
Hafþór Rósmundsson	skipaður án tilnefningar.
Kolbrún Sverrisdóttir	skipuð án tilnefningar.
Guðjón Ármann Einarsson	tilnefndur af FFSÍ.
Bryndís Skúladóttir	tilnefnd af Málmi.
Guðfinnur G. Johnsen	tilnefndur af LÍÚ.
Konný Breiðfjörð	tilnefnd af Landssambandi smábátæigenda.
Lísbet Einarsdóttir	tilnefnd af SVP.
Sævar Gunnarsson	tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
Hilmar Snorrason	tilnefndur af Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu.
Anna K. Kristjánsdóttir	tilnefnd af Vélstjórafélagi Íslands.
Kristín B. Pálsdóttir	tilnefnd af Samtökum skemmtibátæigenda.

Innra skipulag og starfshættir.

Fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar í árslok 2010 voru 64 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi og sumarfólk var ráðið til viðhalds á vitum landsins. Alls voru störfín 73.15 í ársverkum talið.

Árangursstjórnunarsamningur.

Á árinu 2010 lét aðeins einn maður lífið í sjóslysi á íslenskum skipum og einn maður lést við köfun. Vegna náninna tengsla við hafið og mikilvægis sjósóknar frá upphafi, má þakka þennan árangur aukinni fræðslu sjómanna á undanförunum árum og betri öryggis- og björgunarbúnaði í skipum.


Á síðustu öld fórust í sjóslysum og drukknuðu í sjó, ám og vötnum yfir 4.000 manns samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Á síðari hluta aldarinnar fór banaslysum á sjó mjög fækkandi og sú þróun hefur haldið áfram það sem af er þessari öld.

Skýringar á þessum árangri eru margvíslegar. Skipakostur hefur batnað, öryggiskröfur sem gerðar eru til skipa hafa aukist en einnig hefur sjómönnum fækkað frá seinni hluta síðustu aldar. Undanfarin ár hefur vitund um mikilvægi fræðslu fyrir sjómenn um slysavarnir eflst en það er ekki síst breyttu hugarfari sjómanna sem ber að þakka þessa ánægjulegu þróun.

Siglingastofnun hefur unnið að neðangreindum meginmarkmiðum í samvinnu við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið:

Aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum.

Stefnt verður að því að dauðaslysum á sjó fækki enn frekar.




Staða: Árið 2010 varð eitt dauðaslys á sjó og einn lést við köfun á Þingvöllum.

Í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012 í kafla um áætlun um öryggi sjófarenda á bls. 47–50 er á mynd 2 að finna yfirlit um dauðaslys á sjó tekin saman í þriggja ára tímabil fyrir árin 1964 til 2009 ásamt fjölda slysa miðað við 10 þús. sjómenn. Þar kemur fram að dauðaslys á sjó urðu 2,33 að meðaltali á tímabilinu 2007-2009.

Í kaflanum um mælanleg undirmarkmið er að finna markmið 1, um dauðaslys á sjó, markmið 2, um skipskaða og markmið 3, um fækkun alvarlegra slysa á sjómönnum. Stefnt er að því að slysum fækki á tímabilinu 2009-2012.

Allur samanburður við aðrar þjóðir er erfiður. Ef miðað er við sama fjölda sjómanna á Íslandi, í Danmörku og í Noregi fyrir árin 1998–2007 þá voru dauðaslys hér á landi 2,0, í Danmörku 5,8 og Noregi 4,3.


Stefnt verður að því að skipsköðum fækki enn frekar.



Staða: Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa fer skipsköðum fækkandi.

Árið 2010 fórst eða sökk einn bátur, báturinn var undir 15 metrum að lengd.

Stefnt verður að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum og að þau verði færri með hverju ári.



Staða: Fjöldi slysa sem tilkynnt voru til Sjúkratrygginga Íslands 2010 eru 279.

Á heimasíðu Siglingastofnunar (www.sigling.is) má finna afgreiðslu Siglingastofnunar á tillögum rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt.

Breyting hefur orðið á tilkynningum um slys um borð í fiskiskipum. Sjómenn sem hafa slasast geta skráð slysið hjá tryggingafélagi en ekki einungis hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Það er verkefni Slysaskrár Íslands að taka saman þessar skráningar. Þessu framtaki ber að fagna því nauðsynlegt er að upplýsingar um slys á sjó verði að finna á einum stað. Árið 2009 er skráð 61 sjóslýs sem er 0,1% allra slysa skv. skráningu Slysaskrár Íslands.

Til að fyrirbyggja slys um borð í skipum er nauðsynlegt að í hverju skipi verði komið á kerfi sem heldur utan um slysaskráningu og eftirfylgni. Siglingastofnun hefur í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda hafið verkefni um öryggisstjórnun um borð í fiskiskipum. Fyrsta stig þessa verkefnis er öryggishandbók fyrir fiskiskip þar sem leitast verður við að yfirfæra ISM kóðann (*International Safety Management Code*) yfir á fiskiskip. Öryggisstjórnun um borð í fiskiskipum er eitt helsta verkefnið í öryggisátt eins og fram kemur í athugasemdum við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2009–2012.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Á Siglingastofnun er unnið að gerð og breytingum ýmissa reglugerða á sviði siglingamála. Hér á eftir er listi yfir lög, reglugerðir og gjaldskrár sem settar voru um siglinga- og hafnamál á árinu 2010.

Lög:

LÖG um lögskráningu sjómanna, nr. 35/2010 (ný heildarlög).

LÖG um breytingu á lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, nr. 36/2010 (farbannsnefnd lögð niður).

Lög um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 með síðari breytingum, nr. 88/2010.

Reglugerðir:

Reglugerð um br. á rg. um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001 með síðari breytingum, nr. 61/2010.

Reglur um farmvernd, nr. 141/2010 .

Reglugerð um br. á rg. nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, nr. 248/2010 (undirstýrimenn á varðskipum).

Reglugerð um br. á rg. nr. 589/2004 um skipsbúnað, nr. 779/2010.

Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 817/2010.

Reglugerð um br. á rg. nr. 589/2004 um skipsbúnað, nr. 862/2010.

Reglugerð um br. á rg. nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, nr. 886/2010 (sveinspróf í vélvirkjun).

Reglugerð um br. á rg. nr. 672/2006 um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, nr. 948/2010 (rafrænar tilkynningar úr og í höfn).

Reglugerð um undanþágur til skipstjórnar- og vélstjórnarstarfa, nr. 1004/2010.

Reglugerð um frístundafiskiskip og öryggi þeirra, nr. 1005/2010.

Hafnarreglugerðir:

Reglugerð um br. á hafnarreglugerð nr. 287/2005 fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs., nr. 201/2010.

Hafnarreglugerð fyrir Fjallabyggðarhafnir, nr. 408/2010.

Hafnarreglugerð fyrir Landeyjahöfn, Rangárþingi eystra, nr. 590/2010.

Hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn, nr. 775/2010.

Gjaldskrár:

Gjaldskrá Grundarfjarðarhafnar, nr. 80/2010.

Gjaldskrá um br. á gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 81/2007, nr. 842/2010.

Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkurbrepps, nr. 1140/2010.

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), sérfræðinganevndar ESB og EES um öryggismál á sjó (COSS), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar. Á heimasíðu Siglingastofnunar má nálgast upplýsingar um þetta alþjóðasamstarf og greinargerðir frá fundum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa sótt.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu og verklagsreglur þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréfið *Til sjávar*, mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Fréttabréfinu er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna og margra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um hið helsta sem gerst hefur á vettvangi stofnunarinnar. Unnt er að lesa fréttabréfið á vef stofnunarinnar.

Heimasíða Siglingastofnunar, er mikill fréttá- og upplýsingabanki auk þess að vera samskiptavettvangur stofnunarinnar og viðskiptavina hennar. Þar má meðal annars finna laga- og reglugerðaskrá, skrár um útgefið efni, gjaldskrár, rafræn eyðublöð og upplýsingar um veður og sjólag.

Upplýsingakerfið um veður og sjólag byggist á afar víðfeðmu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Söfnun sértækra upplýsinga með ölduduflum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands ásamt áralöngum athugunum á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til að veita fiskimönnum og öðrum sæfarendum við Íslandsstrendur rauntímaupplýsingar um veðurfar og sjólag. Sú vitneskja sem veðurkerfið veitir kemur einnig að góðum notum við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Siglingastofnun heldur rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd, mælt stafna á milli. Skráin hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi svo sem við eftirlit með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrána er að finna á vef stofnunarinnar.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna afar ítarlegt og margþætt safn teikninga, mælingakorta og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnnum, skipaeigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð í Gegni, Landskerfi bókasafna, og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið lánaðar bækur þaðan. Einnig stendur starfsmönnum til boða að notfæra sér þjónustu hvar.is á vefnum þar sem gert er aðgengilegt mikið safn tímarita, heimilda- og gangasafna frá stærstu tímarita- og gagnasafnsútgefendum í heiminum. Ísland eitt landa gefur öllum íbúum kost á þessari þjónustu án endurgjalds fyrir notendur.

Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi.

Hefðbundið viðfangsefni rekstrarsviðs Siglingastofnunar er rekstur landsvitakerfisins en einnig tæknileg aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Stofnunin rekur einnig leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi fyrir siglingar svo sem upplýsingakerfi um veður og sjólag, GPS leiðréttingakerfi (DGPS) og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa (AIS - *Automatic Identification System*) var komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um Vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynningakerfi um siglingar skipa sem aðildarríki Evrópusambandsins, auk Noregs og Íslands, eru aðilar að. Kerfi þetta nefnist *SafeSeaNet*. Á árinu var unnið að þéttingu AIS-kerfisins og settar upp fimm stöðvar til viðbótar þeim sem fyrir voru. Alls voru því 35 landstöðvar komnar upp í árslok 2010. Enn er eftir að þetta kerfið inn til

landsins til að lagfæra stakar eyður í því. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).

Siglingastofnun fær til ráðstöfunar vitagjald, sérstakan skatt sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Vitagjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með rafbúnaði annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2010 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Siglingastofnunar sinntu almennu viðhaldi á 13 vitabyggingum og fóru í 89 vita til eftirlits, viðhalds og endurnýjunar á ljós- og rafbúnaði.

Upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið sem eru uppfærðar á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara en einnig má nálgast upplýsingar frá öldudufnum á textavarp. Nú eru alls 11 öldudufur í rekstri með ströndum fram.

Skipaeftirlit.

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2010 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga. Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa og framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað.

Skoðunaraðilar

Skoðunaraðili	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Skoðunarstofur	2.165	2.160	2.135	2.155	2.099	2.064
Siglingastofnun Íslands	31	32	38	31	38	43
Bureau Veritas (BV)	8	8	6	7	8	9
Germanischer Lloyd (GL)	6	6	7	6	6	6
Lloyd's Register of Shipping (LR)	53	49	47	48	47	46
Det Norske Veritas (NV)	81	76	76	76	70	69
Samtals	2.344	2.311	2.309	2.323	2.268	2.237

Fjöldi skipa og báta.

Skipum á íslenskri aðalskipaskrá hefur fækkað um 13 frá árinu 2009. Á árinu 2010 voru frumskráð og endurskráð 50 skip, en afskráð skip voru 38. Af afskráðum skipum voru 8 skip seld úr landi.

Þann 1. janúar 2011 voru samtals 1.051 þilfarsskip á skrá og brúttótonnatala þeirra var 203.319 tonn. Opnir bátar voru samtals 1.199 og brúttótonnatala þeirra var 7.112 tonn. Heildar brúttótonnatala skipastólsins hefur því minnkað um 5.769 tonn.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, Kristina EA-410, 7.682 brúttótonn, sem er flaggað út til Belize.

Hér gefur að líta töflu yfir þróun skipastólsins undanfarin ár:

Tafla um fjölda skráðra skipa og heildarstærð skipastólsins 1. janúar 2004-2011:

Fjöldi og stærð skipa 1. janúar hvers árs	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Pilfarsskip	1.128	1.135	1.128	1.128	1.123	1.072	1.056	1.051
Brúttótonn	226.081	230.881	219.934	219.180	218.129	201.641	209.085	203.319
Opnir bátar	1.237	1.209	1.183	1.181	1.200	1.196	1.181	1.199
Brúttótonn	7.322	7.199	7.020	7.014	7.106	7.123	7.115	7.112
Heildarfjöldi	2.365	2.344	2.311	2.309	2.323	2.268	2.237	2.250
Heildarbrúttótonnatala	233.403	238.081	226.954	226.194	225.235	208.764	216.200	210.431

Áhafnamál og skírteini.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2010 voru gefin út ýmis atvinnuskírteini og starfsleyfi eins og sjá má í töflu.

Útgefin leyfi og skírteini	2008	2009	2010
Alþjóðleg atvinnuskírteini (STCW)	103	175	180
Skipstjórnar- og vélstjórnarskírteini (STCW-F)	1300	1230	1245
Skemmtibátaskírteini	100	176	110
Skip- og vélstjórn björgunarskipa	-	-	17
Hafnsögumanskírteini	8	11	8
Leiðsögumanskírteini	8	1	5
Atvinnukafaraskírteini	15	17	12
Verndarfulltrúaskírteini (SSO)	-	4	24
Vottorð um flutninga á hættulegum efnum (IMDG)	24	13	21
Farþegaleyfi	60	80	69
Bátaleigur	6	5	7
Flúðasiglingar	3	3	2
Frestir v/öryggisfræðslunámskeiða	1045	756	884

Útgáfa alþjóðlegra STCW skírteina fer fram skv. gæðastaðli 9001 og er vottuð af Vottun hf. Vottun á annarri skírteinaútgáfu er á undirbúningsstigi.

Hafnarríkiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins (*Paris MOU*) um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem komu til landsins.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Á árinu 2010 var farin ein skoðunarherferð á vegum hafnarríkiseftirlitsins í tengslum við lestun og stöðugleika tankskipa. Herferðin stóð frá 1 september til 30 nóvember. Þessi skoðunarherferð var gerð í samvinnu við Tokyo MOU. Í maí 2010 var aðalfundur Parísarsamkomulagsins haldinn á Írlandi.

Tilkynnt var um komur 351 einstaks erlends skips til Íslands, sem er fækkun um 6 skip frá árinu 2009. Mörg þessara skipa komu oftast en einu sinni til landsins. Af þessum skipum voru 106 skoðuð eða um 30,2% af þeim erlendu skipum sem komu til landsins. Skipin 106 sem voru skoðuð komu frá 24 þjóðlöndum. Flest voru skipin frá Panama eða 14, næstflesta frá Bahamaeyjum og Antuiga & Barbuda eða 10 frá hvoru þjóðlandi.

Farbann var lagt á þrjú skip, 128 athugasemdir voru gerðar og teknar út 194 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er meðal annars að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um

öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsluefni og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsókna- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélag sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis.

Í lok ársins kom út mynddiskurinn „Öryggi sjómanna – 4“ en hann fjallar um notkun á neyðaröndunartækjum þegar eldur kemur upp í skipum. Einnig fylgdi á mynddisknum efni sem áður hafði verið gefið út en það efni er tengt öryggisfræðslu í skipum sem og hættulegum eignum, eldvörnum og slökkvistörfum um borð. Lögð var lokahönd á þýðingu bókar um eldvarnir í skipum og hún búin til prentunar. Ritun Sjómannaáttar, sem er hugsuð sem handbók fyrir áhafnir fiskiskipa, komst á lokastig og samið var um gerð skýringateikninga sem auðvelda eiga skilning á því efni sem handbókin fjallar um. Drög að texta handbókar um léttbáta var lögð fram í lok ársins. Hafist var handa við ritun bókar um veðurfræði fyrir sjómenn.

Verkefnaferli sem tengist innleiðingu öryggisstjórnunarkerfis um borð í fiskiskipum hófst á árinu. Ákveðið var að fara í samstarf við útgerðarfélagið HB Granda um hvernig nýta mætti ISM kóðann sem undirstöðu fyrir öryggisstjórnunarkerfi um borð í stóru fiskiskipi.

Hafin var vinna við rannsóknarverkefni um slysaskráningu sjómanna. Samstarfsaðilar Siglingastofnunar í þessu rannsóknarverkefni eru Háskóli Íslands, háskólasjúkrahúsin og aðilar sem tengjast málinu beint eins og Rannsóknarnefnd sjóslysa, Slysaskrá Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og aðilar úr verkefnisstjórn áætlunarinnar.

Verkefni áætlunarinnar voru auglýst í sjómannablöðunum víða um land.

Dauðaslys á fiskiskipum 1998–2010.

Skipstærð / ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Skip <12 m	1	2	1				1			3		1	1
Skip 12-24 m				3	2								
Skip >24 m				4			1	1	2	1			
Samtals	1	2	1	7	2	1 ¹	2	1	2	4	0	1	1

¹ Skipverji drukkaði á óskráðum þangskurðarpramma.

Fiskiskip sem fórust 1998–2010.

Skipstærð / ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Skip <12 m	3	3	8			4	3	3			1		
Skip 12-24 m			1	1	3		4	1	1				
Skip >24 m			1	2	1	3	1						
Samtals	3	3	10	3	4	7	8	4	1	0	1	0	0

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1998–2010.

Ár	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi	378	381	361	348	413	379	309	366	266	423	290	238	279

Heildarkostnaður vegna áætlunar um öryggi sjófarenda árið 2010 var 8,8 millj. kr.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Á vegum Siglingastofnunar er á hverju ári unnið að rannsóknum á öldufari og jarðvegsrannsóknum í höfnum, gerð líkantilrauna og grunnkorta af höfnum, ásamt rannsóknum sem tengjast sjóvörnum.

Frá árinu 2009 fram á mitt ár 2010 var unnið við að kanna möguleika á stórskipahöfn norðan á Eiðinu í Vestmannaeyjum, þar sem gert var ráð fyrir að gámaskip allt að 200 m að lengd gætu athafnað sig og öðrum möguleikum á að stækka höfnina enn frekar. Niðurstöðurnar voru þær að hagkvæmast væri að byggja um 310 m langan brimvarnargarð, um 620.000 m³, með 200 m löngum kanti innan á, auk dýpkunar í -12 m dýpi, um 100.000 m³/27.000 m².

Grunnkort hafna voru uppfærð, sett í samræmt hnitakerfi, ISN-93, nýjustu dýptarmælingar settar saman og ný hafnarmannvirki færð inn á grunna.

Hafnasvið fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarsvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Stofnunin tók þátt í vinnuhópi á vegum PIANC um framsetningu leiðbeininga um hönnun á litlum og meðalstórum gámahöfnum.

Vegna óska um líkantilraunir af Akraneshöfn var unnin ýmiskonar undirbúningsvinna.

Unnið var að öldufarsreikningum fyrir Flatey á Breiðafirði í tengslum við tillögur að smábátahöfn.

Vegna stækkunar á viðlegurými í bátakvínni á Borgarfirði eystra var sett upp reiknilíkan fyrir öldur og sog og kannað hvernig best mætti auka kyrrð í höfninni.

Í tengslum við strandvarnir í Vík í Mýrdal var strandrofið krufið til mergjar með hjálp reiknilíkana fyrir öldu og sandflutninga. Niðurstaðan varð tillaga að byggingu sandfangara þvert á ströndina en áður höfðu verið uppi áætlanir um strandvarnir langs eftir fjörunni.

Á alþjóðlegu strandverkfræðiráðstefnunni *32nd International Conference on Coastal Engineering* var haldin fyrirlestur um verkefni sem Siglingastofnun var að vinna að í Vestur-Ástralíu „*An Icelandic-type berm breakwater for the Oakajee port project in Western Australia*”.

Rannsóknir og þróun.

Heildarkostnaður rannsókna- og þróunarviðs Siglingastofnunar Íslands var 70 millj. kr. árið 2010 að stærstum hluta fjármagnað með framlögum úr ríkissjóði en einnig með sértekjum. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Í hafna- og strandrannsóknum var unnið áfram að rannsóknum á öldufari og efnisburði við Bakkafjöru. Unnið var að öldufarsrannsóknum við Vík í Mýrdal og Breiðamerkurlón vegna strandrofs og hugsanlegrar nýrrar innsiglingar um Hornafjarðarós. Hafið var norrænt rannsóknasamstarf verkefnis um áhrif loftlagsbreytinga á strendur sem styrkt er af norrænu ráðherranefndinni. Heildarkostnaður vegna hafna- og strandrannsókna árið 2010 var 15,8 millj. kr.

Umhverfisrannsóknir fólust meðal annars í þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag og hafin var þróun spálíkans fyrir sjávarflóð í Faxaflóa, umhverfis Vestmannaeyjar og Landeyjahafnar. Haldið var áfram við gerð reklíkans fyrir olú og báta.

Siglingastofnun hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurskautsráðsins við áhættumat siglinga á Norðurslóðum, AMSA (*Arctic Marine Shipping Assessment*) sem er á vegum starfshóps ráðsins um verndun hafsvæða Norðursins, PAME (*Protection of the Arctic Marine Environment*) þar sem Siglingastofnun er einnig þátttakandi.

Lokið var við verkefni sem ber heitið „*North Atlantic Container Service*“ ásamt Eimskip, ALCOA Fjarðaáli á Íslandi og aðilum í Noregi og Svíþjóð á vegum Norrænu Atlantshafsnefndarinnar (*NORA*) sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu. Kannaðir eru möguleikar á siglingu gámaskipa frá Mosjøen í Noregi til Reyðarfjarðar og þaðan til Reykjavíkur en við það myndi opnast ný siglingaleið frá Noregi til Íslands og þaðan til Bandaríkjanna.

Lokið var við Rannís rannsóknaverkefnið „Sjávarfallatengt atferli þorsks“ en þáttur Siglingastofnunar var að kvarða betur sjávarfallalíkan Siglingastofnunar með mælingum á sjávarföllum á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina, verkfræðistofuna Verkís og Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri ásamt fyrirtækjunum Atferlisgreiningu (PV) og Stjörnu-Odda. Heildarkostnaður við umhverfisrannsóknir árið 2010 var 25,4 millj. kr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa sendir Siglingastofnun tillögur í öryggisátt sem stofnunin vinnur úr og afgreiðir á lögbundinn hátt.

Niðurstöður rannsóknaverkefnisins á hávaða um borð í skipum verða gefnar út þegar úrvinnslu lýkur.

Verkefni um rannsóknir á sjóveiki um borð á Herjólfri á leiðinni Vestmannaeyjar – Þorlákshöfn var haldið áfram sem og á línubátum Sturlunni frá Grindavík. Í báðum þessum skipum er búnaður sem mælir hreyfingar og hröðun skipanna. Samstarfsaðili Siglingastofnunar í þessu verkefni er Læknadeild Háskóla Íslands.

Rannsóknarverkefni um loftgæði um borð í skipum tengist mælingum í vélarúmi skipa og þá sérstaklega á magni smurolúþoku í vélarúminu. Gerðar voru mælingar í skipum sem höfðu hreinsibúnað sem Siglingastofnun hefur átt þátt í að þróa sem og skipum sem hafa engan hreinsibúnað.

Unnið var áfram að greiningu verkefnanna um ofhleðslu smábáta og loftflæði til aðalvéla.

Haldið var áfram með verkefnið um umhverfissvæna orkugjafa þar sem aðallega var skoðuð ræktun á vetrarrepju hér á landi til bíódísilframléiðslu. Uppskera ársins var mjög góð og má segja að þetta verkefni hafi gengið vonum framar. Sýna niðurstöður ræktunarinnar að útkoman er á margan hátt betri héraendis en í Norður-Evrópu. Því hefur verkefnið fengið verðskuldaða athygli og margir sýnt því töluverðan áhuga.

Verkefnið um afgashreinsun fékk á árinu aðstöðu hjá Orkuveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum. Þar er Siglingastofnun boðið upp á vélbúnað sem nýtist ákjósanlega til rannsókna á hreinsun á afgasi og þá sérstaklega sótögnum. Settur hefur verið upp hreinsibúnaður í húsnaði við hliðina á vélbúnaðinum. Stefnt er að því að hreinsa afgasið einnig af koltvísýringi og brennisteini í gegnum hreinsibúnaðinn.

Haldið var áfram þátttöku í MARTEC (*Maritime Technologies*), verkefni Evrópusambandsins þar sem fulltrúar Siglingastofnunar sóttu fundi um rannsóknir sem snúa að öryggi skipa og öryggi í siglingum.

Heildarkostnaður vegna skiparannsókna árið 2009 var 19,9 millj. kr.

Kostnaður við rannsóknarverkefni 2010.

	Millj. kr.
Fræðigreinar og fl	0,8
Rannsóknir á rofi í Vík í Mýrdal	1,9
Rannsóknir á ferjulægi við Bakkafjöru	10,7
Rannsóknir á rofi við Breiðamerkurlón	0,4
Rannsóknir á Hornafjarðarósi	0,6
Norrænt samstarf	1,4
Verkefni á vegum NORA um gámaflutninga	1,2
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	8,0
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	9,1
Reiknilíkan fyrir sjávarflóð	1,6
Könnun á sjávarflóðum	2,5
Norðausturleið (PAME og AMSA)	0,7
Reklíkan olíu og báta og hafíss	1,8
Alda á ferjuleið	0,5
Stöðugleiki báta	0,6
Rannsóknir og skipatækni	2,8
Hröðunar- og hreyfímælingar í skipum	0,3
Loftgæði í skipum	1,0
Afgashreinsun í skipum	1,8
Umhverfissvænir orkugjafar í skipum	8,6
Veiðar og orkugreining	1,1
MARTEC	2,2
Kennslubók í siglingafræði	1,6
Samtals	61,2

Rannsóknir sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsóknir sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt og gera nefndinni grein fyrir þeim úrbótum sem stofnunin leggur til að gerðar verði. Samkvæmt reglugerð nr. 133/2002 ber Siglingastofnun að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi mál var formleg afgreitt til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2010:

Nr. 045/09 (*Börkur frændi (sknr. 1516), fær á sig sjó og hvolfir, einn skipverji ferst*).

Afgreiðslu mála til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Rannsóknarnefndar sjóslýsa sem og í árskýrslum nefndarinnar ár hvert.

Siglingavernd (skipa- og hafna- og farmvernd).

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, tóku gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólöglegum aðgerðum.

Árið 2010 voru 25 hafnir (rekstraraðilar) með 85 vottaðar hafnaraðstöður á Íslandi.

Siglingastofnun gerði á árinu úttekt á 8 höfnum og 12 hafnaraðstöðum. Tvö skip sem þurfa að uppfylla kröfur um siglingavernd voru skráð á Íslandi árið 2010.

Siglingastofnun er í samstarfi við aðrar stofnanir á sviði siglingaverndar og þá helst Tollstjóra, Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu og Vaktstöð siglinga.

Haldinn var einn fundur í Siglingaverndarráði á árinu en ráðið samanstendur af fulltrúa frá Ríkislögreglustjóra, Tollstjóranum, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu og Siglingastofnun Íslands.

Í samstarfi við aðrar stofnanir hélt Siglingastofnun þrjú námskeið fyrir hafnargæslumenn og starfsmenn með sérstakt hlutverk, eitt námskeið fyrir verndarfulltrúa hafna og eitt námskeið fyrir verndarfulltrúa skipa og fyrirtækja. Alls hafa um 130 manns hlotið tilnefningu sem verndarfulltrúar og hlotið þjálfun sem slíkir og um 750 hafa sótt hafnargæslunámskeið á vegum Siglingastofnunar Íslands. Ráðstefna um siglingavernd fyrir verndarfulltrúa hafna og skipa var haldin á árinu.

Siglingastofnun tekur þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Evrópusambandinu og árlegum Norðurlandafundum. Árið 2010 tók Siglingastofnun þátt í tveimur fundum hjá MARSEC nefnd Evrópusambandsins og einum Norðurlandafundi vegna siglingaverndar er haldin var í Færeyjum. Siglingastofnun á jafnframt samskipti og samvinnu við ýmsar íslenskar og erlendar stofnanir varðandi málefni er tengjast siglingavernd.

Siglingastofnun tók þátt í norrænni samanburðarkönnun á vegum norska sjávarútvegsráðuneytisins (Fiskeri- og kystdepartementet) þar sem norska Hafnarmálastofnunin (Kystverket) stóð að samanburði á framkvæmd siglingaverndar í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Íslandi.

Eftirlitsmenn frá Eftirlitsstofnun EFTA (*EFTA Surveillance Authority*) komu til landsins tvisvar sinnum, í febrúar og ágúst og gerðu úttektir á völdum hafnaraðstöðum og starfsemi hafnarríkiseftirlits.

Í ágúst 2010 kom fulltrúi frá bandarísku strandgæslunni, *U.S. Coast Guard* og kynnti sér Siglingastofnun og siglingavernd í nokkrum höfnum.

Vaktstöð siglinga.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar og alþjóðlegs samstarfs, svo sem samstarfs við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Í sérstökum þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Á árinu 2010 var tilkynningakerfi um komur skipa og flutning hættulegra efna, *SafeSeaNet*, í fullum rekstri. Á árinu var innleitt upplýsingakerfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) en það

er landfræðilegt viðmót (*Geographical Information System*) sem heldur utan um siglingar skipa og flutning hættulegra efna í Evrópu.

3.1.3 Stofnkostnaður.

Vitar og leiðsögukerfi

Stofnkostnaður á árinu 2010 var 32,0 millj. króna og var að stærstum hluta varið til innkaupa og uppsetningar á AIS búnaði.

Hafnarframkvæmdir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2010 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2010. Til samanburðar eru tölur fyrra árs:

	2010 millj.kr.	2009 millj.kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.871,9	2.323,9
<i>þar af Landeyjahöfn</i>	1.328,6	1.557,2
Ferjubryggjur	0,6	14,4
Lendingabætur	0,1	14,3
Vestmannaeyjaferja	0	5,9
Samtals	1.872,	2.358,6

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Snæfellsbær.

Rifshöfn: Stafnafell ehf lauk byggingu Norðurgarðs og sandfangara. Samið var um það við Stafnafell í ágúst 2009 að ljúka verkinu eftir að Nettur ehf varð gjaldþrota.

Ólafsvík: Samið var við Tígur ehf um endurbyggingu grjótvagnar á Suðurgarði. Verkið var boðið út í júní og bærust fimm tilboð í verkið. Tígur átti lægsta boð, kr. 27.238.355 sem var 72% af kostnaðaráætlun Siglingastofnunar. Verkið hófst í júní og því lauk að mestu í desember, lokaúttekt var gerð í janúar 2011. Verkið fólst í að endurraða og bæta í grjótkápu garðsins á 130 m kafla auk þess sem byggður var 45 m langur þvergarður móts við beygju á garðinum og hann breikkaður á móts við Suðurpil. Magn grjóts og kjarna sem sótt var í grjótnámuna á Rifi var um 11.600 m³. Heildargreiðsla til verktaka með viðbótarverkum sem unnin voru við þvergarð o.fl. varð kr. 35.320.072.

Framkvæmdakostnaður: 57,2 millj. kr.

Grundarfjörður.

Lokið var við uppgjör á rifi vegna Litlubryggju frá síðasta ári.

Norðurtak lauk snemma árs smíði landstöpuls og röðun öldudempandi fláa milli Miðgarðs- og Stórubryggju.

Bátaland lauk við uppsetningu á 24x3m flotbryggju en sú bryggja var fest við landstöpulinn sem Norðurtak kom fyrir milli Miðgarðs- og Stórubryggju.

Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj. kr.

Stykkishólmur.

Hafinn var undirbúningur að gerð smábátaviðlegu í Stykkishólmi.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Búðardalur.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Reykhólar.

Í maí var boðin út bygging 286 m langs skjólgarðs norðaustan við höfnina. Sjö tilboð bárust í verkið og var samið við Suðurverk hf sem átti lægsta tilboð í verkið, kr. 33.758.000 en það var um 59% af kostnaðaráætlun. Grjótverkið gekk vel og var því lokið haustið 2010. Í verkinu var ákveðið að lengja skjólgarðinn um 30 m. Heildarmagnið í garðinn varð um 29.200 m³. Efnið var tekið í grjótnámu sem opnuð var við veginn að Karlsey í um eins km fjarlægð frá höfninni. Greiðsla til verktaka varð kr. 32.400.000. Auk þess vann verktaki óstyrkhæft verk fyrir Reykhólahrepp fyrir 4,8 millj. kr. sem fólst í gerð plans innan við skjólgarðinn. Frágangi við garðsendaljós og raflögn að því lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 41,5 millj. kr.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Lokið var uppgjóri við frágang lagna og þekju á lengingu ferjubryggju.

Patreksfjörður: Geirnaglinn ehf lauk stálþilsrekstri á um 308 metra löngu þili verki sem hafið var á síðasta ári. Verkið fólst í að brjóta upp 4.600 m² af gamalli þekju, fjarlægja kant og polla og skera ofan af gamla stálþilinu þar sem nýja þilið yrði rekið, niðurrekstri á 203 stálþilsplötum utan við gamla þilið, frágangi stálþilsfestinga, fyllingu 5.500 m³ og steypu á 310 m löngum kantbita með pollum og fríholum. Magnaukning varð í verkinu auk breytinga vegna legu lagna sem ekki voru á teikningum. Samningsverkinu lauk á árinu og var heildar verktakakostnaður, kr. 84.054.000.

Þann 16. september voru opnuð tilboð í byggingu rafmagns- og vatnshús, leggja vatns- og frárennslislagnir, ídráttarlagnir fyrir rafmagn og steypa 5.800 m² þekju. Sex tilboð bárust og var samið við Stálborg ehf sem átti lægsta tilboð í verkið, kr. 86.844.770 en það var 84% af kostnaðaráætlun. Samningsverkið var skammt á veg komið um áramótin en á að ljúka í ágúst 2011.

Framkvæmdakostnaður: 114 millj. kr.

Tálknafjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Bolungarvík.

Á árinu 2010 var unnið við að ganga frá raflögn og lýsingu efst við Brjótinn, en frá árinu 2007 hefur verið unnið að endurbyggingu 130 m stálþils. Rafsjá ehf vann verkið. Verki er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 4,2 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Lokið var uppgjóri við að endursteypa þekju við gömlu trébryggjuna sem rifinn var 2009.

Flatheyri: Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Suðureyri: Í desember var boðin út dýpkun innsiglingar að Suðureyri og samhliða dýpkun við Mávagarð á Ísafirði. Dýpka átti innsiglinguna á Suðureyri í 5,0 m dýpi og 40 m breiða, alls um 10.500 m³. Verkið var ekki hafið um áramót.

Ísafjörður: Í júní var boðinn út þilrekstur við Mávagarð, fylling og uppsteypa bryggjukants með pollum og fríholum. Bryggjan á Mávagarði er 60 m stálþil með 15 metra göflum á endum með hönnunardýpi 9 m. Þrjú tilboð bárust. Samið var við Geirnaglann ehf sem bauð lægst, kr. 26.727.000. Var það um 71% af kostnaðaráætlun. Verktaki fór seint af stað og var verkinu ekki lokið í árslok.

Í desember voru opnuð tilboð í dýpkun við bryggju Mávagarðs, alls um 36.000 m³ og dýpkunar innsiglingar að Suðureyri samanber ofangreint. Tvö tilboð bárust. Lægsta boð átti Björgun, kr. 39.662.240 en það 19% yfir kostnaðaráætlun. Báðum tilboðunum var hafnað.

Framkvæmdakostnaður: 29,2 millj. kr.

Súðavík.

Engar ríkistyrktar framkvæmdir.

Norðurfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Drangsnes.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Hólmavík.

Í september 2009 var boðin út grjótvörn á vesturkant stálþilsbryggju. Ellefu tilboð bárust. Samið var um verkið við lægstbjóðanda, PG vélar ehf, samningsupphæð kr. 8.027.000, sem var 58% af kostnaðaráætlun. Framkvæmdin fólst í að leggja út 7 m breiða fyllingu, meðfram stálþili sem var orðið götótt vegna tæringar á 56 m kafla og grjótverja hana. Verkinu lauk í janúar 2010. Heildargreiðsla til verktaka var kr. 8.577.528.

Framkvæmdakostnaður: 4,7 millj. kr.

Hvammstangi.

Engar ríkistyrktar framkvæmdir.

Skagaströnd.

Engar ríkistyrktar framkvæmdir.

Skagafjörður.

Engar ríkistyrktar framkvæmdir.

Fjallabyggð.

Engar ríkistyrktar framkvæmdir.

Dalvíkurbyggð.

Dalvík: Áfram var haldið byggingu nýrrar ferjubryggju í Dalvíkurhöfn sem hófust árið 2009. Í maí var boðinn út vinna við þekjusteypu og frágang lagna í ferjubryggju. Verkið fólst í að leggja vatns- og raflagnir, steypa 870 m² þekju, leggja 1.030 m² af klæðningu og byggja rafmagns- og vatnshús. Sex tilboð bárust og var í framhaldinu samið við Steypustöð Dalvíkur ehf sem bauð lægst, kr. 24.252.650 en það var 90% af kostnaðaráætlun. Samningsverkinu lauk fyrir áramót. Samið var við Elektro co um rafbúnað, lýsingu og stýribúnað fyrir landgang, alls um 5,0 millj. kr. Vélvirki ehf smíðaði lyftigálga fyrir landgang fyrir 3,0 millj. kr.

Árskógssandur: Í október 2009 samþykkti hafnaráð að veita 1,5 millj. kr. styrk af óskiptu fé til slysavarna til að hækka bryggjukant á um 100 m kafla. Kanttré var fengið af lager Siglingastofnunar og Katla ehf sá um uppsetningu.

Framkvæmdakostnaður: 39,8 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Akureyri: Rafeyri ehf lauk vinnu við raflagnir í Tangabryggju sem samið var um á seinni hluta árs 2009. Þetta var lokaáfangi við 100 m lengingu Tangabryggju, framkvæmd sem hófst um áramótin 2005/2006. Ástæðan fyrir því að verkið tók svo langan tíma er að vesturendi þilsins seig um u.þ.b. 50 cm. Þurfti að setja farg á kantinn árið 2006 og gera árs hlé á framkvæmdum þar til sigið stöðvaðist.

Í október var boðin út þekja og lagnir á Oddeyrarbryggju. Verkið fólst í vatnslögnum, ídráttarlögnum fyrir rafmagn, uppsetningu ljósamasturs og steypu 1.711 m² þekju. Átta tilboð bárust og samið var við lægstbjóðanda Sigurð Björgvin Björnsson á Akureyri. Samningsverð kr. 25.371.000 var 79% af kostnaðaráætlun. Verk hófst ekki fyrir áramót vegna vetrarveðra.

Grímsey: Áfram var unnið við lengingu harðviðarbryggju og skutaðstöðu fyrir ferju, verki sem hafið var á árinu 2009. Verktaki var Guðmundur Guðlaugsson og lauk hann verkinu vorið 2010.

Samið var við Steypustöðina ehf á Dalvík í lok maí um að steypa 500 m² þekju við skut-aðstöðu ferju og við Suðurgarð. Samningsupphæð var kr. 6.450.000. Verk hófst í lok maí og var lokið í júlí.

Framkvæmdakostnaður: 22,0 millj. kr.

Norðurþing:

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Langanesbyggð.

Þórshöfn: Í maí var boðin út steipt þekja á nýju Hafskipabryggjuna, samtals um 2.700 m². Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Almennu umhverfisþjónustuna ehf sem bauð kr. 29.976.900 í verkið, 87,6% af kostnaðaráætlun. Framkvæmdir hófust við verkið í júní og var þeim að fullu lokið í ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 58,2 millj. kr.

Vopnafjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Borgarfjörður eystri.

Í september var boðin út bygging tunnu við enda Hólmagarðs og smíði 28 m langrar við-legubryggju ásamt dýpkun við bryggjuna. Fimm tilboð bárust og var samið við Yl ehf á Egilsstöðum sem átti lægsta boð, 69% af kostnaðaráætlun. Samningsupphæð kr. 15.019.476. Efni, basraloc staurar í tunnu og sagað asobe í bryggjuna, var fengið frá Djúpavogi, timbur sem þangað var keypt árið 2006 og ætlað til bryggjusmíði sem síðan hefur verið frestað. Boltaefni kom frá Ferrozink á Akureyri.

Bygging tunnu við enda Hólmagarðs var langt komin um áramót.

Smíði bryggjunnar og dýpkun við hana var skammt á veg komin um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 22,1 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Endurbygging trébryggju við frystihús var boðin út í júlí. Samið var við lægstbjóðanda Guðmund Guðlaugsson ehf sem bauð kr. 23.399.950 sem var 96% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í því að rífa elsta hluta bryggjunnar um 221 m², steypa nýjan landvegg, reka staura og endurbyggja bryggjuna. Einnig var steiptur stoðveggur og þekja. Hluti af verkinu var ekki styrkhæfur og var greiddur af Seyðisfjarðarhöfn. Verkinu lauk á árinu og uppgjör við verktaka er lokið. Heildargreiðsla til verktaka var 25,6 millj. kr. þar af voru 19,3 millj. kr. styrkhæfar. Keypt var efni í bryggjuna, 49 m³ sagað asobe frá Wijma Kampen fyrir 8,1 millj. kr. og 22 gagnvarðir furustaurar frá Gert Skyt fyrir 4,5 millj. kr. Boltaefni kom frá Ísól.

Samið var við Fender Team að undangenginni verðkönnun um kaup á fríholtum við Strandabakka. Samningsupphæðin var kr. 8.548.397 án virðisaukaskatts. Eftir að ferjan Norræna hóf siglingar til Seyðisfjarðar yfir vetrartímam þurfti að endurbæta fríholtin þar sem þau voru ekki hönnuð fyrir vetrarveður.

Framkvæmdakostnaður: 53,4 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Stöðvarfjörður: Hafnaráð samþykkti í september 2010 að úthluta af óskiptri fjárveitingu ríkisstyrk að upphæð 3 millj. kr. til þess að ljúka við að klæða innan á gömlu steinbryggjuna með harðvið. Efni í klæðninguna var fengið frá Djúpavogi og samið við Fjarðarverk ehf um smíðina. Verki var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 4,2 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Djúpivogur.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Höfn í Hornafirði.

Lokið var við uppgjör raforkuvirkis við Álaugarbryggju. Var það lokahnykkur á verki sem hafið var árið 2007 og fólst í að endurbyggja bryggjuna á 70 m kafla og lengja hana til vesturs um 85 m.

Ekki var unnið að viðhaldsdýpkun hafnarinnar á árinu, samningur við Trölla ehf er útrunninn og er áformað að bjóða út snemma á árinu 2011 viðhaldsdýpkun til þriggja ára.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Landeyjahöfn.

Að loknu útboði var samið við lægstbjóðanda SÁ Verklausnir ehf um byggingu á aðstöðu fyrir farþega við Landeyjahöfn. Tilboðsverð SÁ Verklausna ehf var 91,7 millj. kr. sem er um 82% af kostnaðaráætlun. Húsið er steinsteyp á tveim hæðum með álklaedu timburþaki. Arkitekt er Sveinn Ívarsson og teiknistofa Páls Zóphóníassonar sá um verkfræðiteikningar. Byggingu hússins og frágangi við það var að fullu lokið í ágúst að undanskildum gólfefnum en ákveðið var að bíða með að ganga frá gólfum vegna raka í plötu, sem orsakast af stuttum byggingartíma. Heildargreiðsla til verktaka var 85,5 millj. kr. á árinu.

Boðin var út lóðarfrágangur, það er malbikuð aðkomuleið, bílastæði og göngustígar, yfirborðsfrágangur með merkingum, leiksvæði og lögnum fyrir neysluvatn og yfirborðsvatn ásamt raforkuvirki. Landslagsarkitekt var Landmótun sf. Verkís hf sá um hönnun á lögnum og Verkfræðistofan Tera sf hannaði raforkuvirkið. Samið var við lægstbjóðanda SÁ Verklausnir ehf sem bauð 113,7 millj. kr. sem er 87% af kostnaðaráætlun. Verkinu lauk á árinu en lokauppgjör hefur ekki farið fram. Heildargreiðsla til verktaka var 113,9 millj. kr. á árinu.

Undir lok ársins 2009 var samið við lægstbjóðanda, Björgun ehf, um dýpkun Landeyjahafnar. Vinna við dýpkun hófst í apríl. Í útboðsgögnum var gert ráð fyrir að fjarlægja þyrfti um 195.000 m³ af lausu efni. Vegna aurlaups í Markarfljóti í kjölfari eldgoss í Eyjafjallajökli varð ljóst að dýpka þyrfti mun meira en ráð var fyrir gert. Fjarlægðir voru því um 412.000 m³ af lausum efnum á árinu. Heildargreiðsla til verktaka var 212,0 millj. kr.

Suðurverk ehf hélt áfram vinnu sinni við brimvarnargarða og mótun hafnar. Í apríl var ljóst að fara þyrfti aftur í námuna vegna magnaukningar í verkinu. Teknir voru um 180.000 m³ úr námunni til viðbótar því sem áður var unnið. Heildarmagn af lausu efni sem flutt hefur verið úr Seljalandsnámu í Landeyjahöfn er um 910.000 m³. Í febrúar hóf Suðurverk ehf vinnu við smíði bryggjunnar. Í útboðinu var gert ráð fyrir smíði hefðbundinnar stálþilsbryggju en frá því var fallið og ákveðið að byggja steiptan viðlegukant á stálsúlum og nýta þannig sem mest íslenskt efni í bryggjuna. Viðlegukanturinn er 87 m langur með akstursrampi og göngu-brú frá húsi. Vinnu við bryggjuna lauk í júlí. Suðurverk lauk heildarverkinu á árinu, lokauppgjör hefur ekki farið fram.

Í febrúar var boðin út smíði ekjubrúar og farþegalandgangs. Um er að ræða 18 m langa ekjubrú og 15 m langan farþegalandgang. Samningsupphæð var kr. 32.630.000, 64% af kostnaðaráætlun. Þegar á útboðstíma var ljóst að útboðsgögn voru ekki nægjanlega ítarlega vegna farþegalandgangs. Endurhanna þyrfti því landgang og hlaust verulegur umfram kostnaður vegna þess. Heildarkostnaður vegna verktaka voru 40,2 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður 1.329 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Lokið var uppgjóri við 2-P ehf vegna Básaskersbryggju, verki sem samið var um á árinu 2008.

Verktakinn Steini og Olli ehf lauk í febrúar vinnu við endurbyggingu á vesturkanti Bæjarbryggjunnar, verki sem samið var um í ágúst 2009.

Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn var boðin út í desember 2009 og í janúar 2010 var samið við lægstbjóðanda Björgun ehf, samningsupphæð kr. 37.487.556. Dýpkað var á fjórum svæðum samtals 48.543 m³, svæði 1 í innsiglingu við Skansfjör, þar voru um 71% af dýpkunarmagni, svæði 2 í suðurkanti innsiglingar móts við enda Hringskersgarðs, svæði 3 austur af Nausthamarsbryggju og svæði 4 við Hringskersgarð móts við Stafkirkjuna. Til viðbótar var samið við verktaka um að dýpka um 2.100 m³ af snúningssvæði í miðri höfninni og fjarlægja stein utarlega í innsiglingu sem kom í ljós þegar mælt var með fjölgeislamæli. Að auki dýpkaði verktaki fyrir Vestmannaeyjahöfn um 2.400 m³ innan Nausthamars og við Bása-skarsbryggju sem ekki var ríkisstyrkt. Allt efni var losað í sjó norðan við Eiðið þar sem hugmyndir eru uppi um að byggja skjólgarð fyrir stórskipahöfn. Dýpkuninni lauk í ágúst. Erfiðlega gekk að afla upplýsinga um legu lagna í innsiglingu. Kort, sem veitustofnanir sendu frá sér og látið var fylgja útboðsgögnum, reyndist ónákvæmt. Í apríl, þegar veitustofnanir höfðu fengið kafara til að yfirfara staðsetningu lagna, kom í ljós að bæði rafstrengur og ljósleiðari voru mun nær svæði 1 en áður var talið. Þetta hafið í för með sér talsverðar tafir á verkinu og aukakostnað. Heildargreiðsla til verktaka fyrir styrkhæfan hluta verksins varð kr. 41.047.516. Hækkun skýrist aðallega af viðbótardýpkun á snúningssvæði í miðri höfn og meira magni á svæði 1 við Skansfjör en útboðsgögn gerðu ráð fyrir.

Framkvæmdakostnaður: 53,4 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Samið var við Björgun hf um viðhaldsdýpkun á innsiglingu í Þorlákshöfn og innan hafnar. Verktaki hóf vinnu við verkið í nóvember og því lauk fyrir áramót. Dýpkaðir voru 25.510 m³. Allt efnið losað í sjó á um 40 m dýpi 1,5 sjómílu austur af Hafnarnesi.

Framkvæmdakostnaður: 17,9 millj. kr.

Grindavík.

H.H. smíði ehf í Grindavík lauk í byrjun maí frágangi við lagnir og raforkuvirki á Miðgarði samkvæmt verksamningi sem gerður var í júní árið 2009. Í verkinu fólst að leggja vatnslagnir og ídráttarrör raflagna í bryggju, steypa undirstöðu ljósamasturs, steypa 2.940 m² þekju, smíði rafmagnstöflu og ganga frá raflögn og lýsingu á bryggju. Þekjusteypu var lokið fyrir áramót en bíða þurfti með að ganga frá lögnum og raforkuvirki þar til lokið var byggingu hafnarhúss, en þar er rafmagnstaflan staðsett. Hafnarhúsið er jafnframt vigtarhús og að fullu fjármagnað af Grindavíkurhöfn.

Lokið var uppgjóri við skipasmíðastöðina Cardama AS á Spáni vegna hafnsögubáts. Baturinn var afhentur í júní 2008 en ágreiningur var um uppgjör sem ekki var leyst úr fyrr en á fyrri hluta árs 2010.

Framkvæmdakostnaður: 17,7 millj. kr.

Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir.

Faxaflóahafnir sf

Framkvæmdum og fjárfestingum Faxaflóahafna á árinu 2010 var dreift á þær hafnir og þau hafnarvæði, sem höfnin á og rekur í Reykjavík, á Akranesi, Borgarnesi og á Grundartanga. Verkefni eru því mörg, dreifð og markast oftast af eftirfarandi forsendum: Hafnar-sjóður hefur ávallt þurft að fjármagna allar sínar framkvæmdir með eigin aflafé og því alltaf verið lögð áhersla á að við ákvörðun um framkvæmdir sé horft til þess hvaða tekna sé að vænta af mannvirkjagerð og notkun mannvirkjanna til skemmri eða lengri tíma. Bygging hafnaraðstöðu sem leggur grunn að auknum tekjum af vöruflutningum, landgerð, landþróun og gatnagerð, sem skilar lóðagjöldum, lóðaleigu og auknu flutningamagni um hafnarlandið hafa ávallt verið forgangsverkefni. Við hönnun og byggingu þessara mannvirkja hefur jafnan verið horft til gæða og notagildis þeirra og að þau verði rekstralega hagkvæm jafnt fyrir höfn og notendur. Sá samdráttur, efnahagsóvissa og erfiðleikar sem yfir íslenskt samfélag hafa

gengið á undanförunum misserum settu sitt mark á framkvæmdir Faxaflóahafna á árinu eins og hjá flestum. Til varanlegra rekstrarfjármuna var alls varið á árinu 948 millj. kr, en þar af var alls varið til verklegra framkvæmda 267 millj. kr. Eftirfarandi voru helstu framkvæmdaverk á árinu 2010:

Hafnarvirki:

Hafnarkantar á Slippasvæði við Mýragötu - 17,0 millj. kr.
Ingólfsgarður trébryggja og frágangur í Austurbugt - 24,2 millj. kr.
Skarfagarður í Sundahöfn, frágangur - 12,7 millj. kr.
Skarfabakki 2. áfangi – hönnun og undirbúningur - 2,1 millj. kr.
Hafnargerð utan Klepps - undirbúningur, efnismóttaka og fyllingar - 26,2 millj. kr.
Grundartangi Tangabakki - hönnun og undirbúningur -14,4 millj. kr.
Grundartangi Sjóvarnargarður - 29,6 millj. kr.
Akraneshöfn - rannsóknir - 5,4 millj. kr.

Land og lóðir:

Vesturhöfn - lóðagerð og ýmis frágangur - 13,0 millj. kr.
Slippasvæðið við Mýragötu - landgerð og fl. - 4,1 millj. kr.
Sundahöfn - lóðagerð og ýmis frágangur - 11,0 millj. kr.

Gatnagerð:

Vesturhöfn - gatnagerð - 18,6 millj. kr.
Sundahöfn - gatnagerð - 7,5 millj. kr.
Grundartangi - gatnagerð - 25,7 millj. kr.

Húseignir:

Verbúðir í Vesturhöfn - endurbætur á ytra byrði - 37,8 millj. kr.

Tæki og búnaður:

Kaup tækjum og ýmsum búnaði - 17,7 millj. kr.

Framkvæmdakostnaði skipt á hafnarsvæði:

Gamla höfnin:	114,8 millj. kr.
Sundahöfn:	59,4 millj. kr.
Grundartangi:	69,7 millj. kr.
Akranes:	5,4 millj. kr.
<u>Tæki og búnaður:</u>	<u>17,7 millj. kr.</u>

Framkvæmdakostnaður alls: 267,0 millj. kr.

Norðurþing.

Húsavík: Unnið var að breytingum í smábátahöfn. Fólust þær í gerð uppfyllingar við Hafnarstétt og dýpkun þar fyrir framan. Steyptir voru tveir landstöplar fyrir flotbryggju framan á uppfyllinguna og núverandi 50 m flotbryggja færð að öðrum stöplinum en ný 25 m löng flotbryggja sett niður við hinn. Verkið var boðið út í september og í framhaldi samið við lægstbjóðanda, Árna Helgason ehf. Framkvæmdir hófust í nóvember en var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður alls um 28,0 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Framkvæmd við lengingu löndunarbryggju um 95 m sem hófust árið 2008. Framkvæmt var fyrir 10,5 millj. kr. á árinu 2010. Eftir er að ganga frá þekju á bryggju. Áætlað er að því ljúki á árinu 2011. Ráðist var í úrbætur í smábátahöfnunum í Fjarðabyggð á árinu og var bætt við 20 m flotbryggju ásamt fingrum. Kostnaður var um 9,9 millj. kr.

Eskifjörður: Framkvæmdum sem hófust árið 2008 við 35 m hafnarkant framan við nýtt nótahótel lauk á árinu og þar með lauk verkinu í heild. Framkvæmdakostnaður árið 2010 varð 1,5 millj. kr.

Þá var ráðist í endurnýjun flotbryggju á Eskifirði og endurskipulag hafnarinnar til að auka viðlegurými. Kostnaður var 11,5 millj. kr.

Reyðarfjörður: Við Mjóeyrarhöfn var unnið við ýmis verk og endurbætur s.s. fergingu lóða á uppfillingu, siglingavernd og viðgerð á malbiki gámasvæðis. Kostnaður við þessar framkvæmdir varð á árinu 2010 um 13,6 millj. kr.

Inn við kaupúnið á Reyðarfirði var unnið fyrir um 10,9 millj. kr. við endurbætur á gamalli bryggju, Barkinum. Þá var hafin stækkun smábátahafnarinnar og endurnýjaðar flotbryggjur á Reyðarfirði og var kostnaður við það á árinu 21 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður: Ráðist var í lagfæringu á ytri löndunarbryggjunni þar sem grjótvörn hafði gefið sig. Kostnaður var um 3,5 millj. kr.

Þá var farið í viðhald á Mjóeyrarvita við Fáskrúðsfjörð og hann klæddur að utan. Var kostnaður við það um 0,6 millj. kr.

Stöðvarfjörður: Á Stöðvarfirði var ráðist í annan áfanga klæðningar á gamla garðinn. Áfanginn er að hluta styrkhæfur eða allt að 3 millj. kr. Nam kostnaður hafnarsjóðs um einni millj. kr. ár árinu. Verkinu lýkur á árinu 2011.

Farið var í endurskipulagningu á smábátahöfninni til að fjölga plássum og voru keyptar þrjár 20 m steiptar flotbryggjur á Stöðvarfjörð. Steiptur var landstöpull og festur fyrir flotbryggjurnar. Kostnaður var um 21,8 millj. kr.

Þá var keyptur nýr löndunarkrani fyrir smábáta og var kostnaður við það og uppsetningu hans um 5,2 millj. kr.

Samtals voru óstyrkhæfar fjárfestingar Fjarðabyggðarhafna 111 millj. kr. á árinu 2010.

Hafnarfjarðarhöfn.

Í Hafnarfjarðarhöfn var unnið að viðhaldsdýpkun í innri höfninni upp á um 17 milljónir króna.

Ferjubryggjur.

Unnið var að viðhaldi á eftirtöldum ferjubryggjum:

Vigur: Heimamenn sáu um lítils háttar viðhald á burðarvirki ferjubryggju.

Framkvæmdakostnaður: kr. 600.000.

Sjóvarnargarðar.

Akranes: Í október var boðin út sjóvörn á þrem stöðum á Akranesi og samið við Ísar ehf sem bauð lægst í framkvæmdina, 88% af kostnaðaráætlun. Samningsupphæð kr. 17.316.300. Framkvæmdir hófust um miðjan september og lokaúttekt var gerð 1. desember 2010. Flokkað grjót í vörnina var fengið úr námu við Hólalátt en sprengdur kjarni og hluti af fl. II var fengið úr námu við Ytra-Hólum. Heildargreiðsla til verktaka varð kr. 17.894.000.

Við Krókatún var byggð 204 m löng sjóvörn, lenging á vörn sem komin var á móts við Krókatún nr. 20 vestur fyrir skipasmíðastöð P&E. Magn flokkaðs grjóts og kjarna samtals 4.092 m³.

Við Kalmannsvík var byggð 242 m löng sjóvörn, flokkað grjót og kjarni samtals 2.722 m³.

Við Miðvog var gerð 130 m löng bakkavörn úr sprengdum kjarna, magn 501 m³.

Framkvæmdakostnaður 20,9 millj. kr.

Snæfellsbær: Stafnafell ehf lauk í febrúar vinnu við 180 m langa sjóvörn við Ennisbakka. Í vörnina við Ennisbakka fóru 2.056 m³ af flokkuðu grjóti og 1.172 m³ af sprengdum kjarna.

Við Keflavíkurgötu á Hellissandi var byggð 125 m löng sjóvörn. Verktaki var Stafnafell ehf, samningsverð kr. 6.900.044. Magn sem fór í vörnina var 1.804 m³ flokkað grjót og 1.248 m³ sprengdur kjarni. Efni kom úr grjótnámu á Rífi. Vinnu við sjóvörnina lauk í desember 2010 en frágangur vinnusvæðis, jöfnun og grassáning, bíður fram á vorið.

Framkvæmdakostnaður 10,7 millj. kr.

Ísafjarðarbær: Undirbúningur var hafinn fyrir sjóvörn á Flateyri sem er á samgönguáætlun 2011.

Framkvæmdakostnaður 0,1 millj. kr.

Súðavíkurhreppur: Tígur ehf í Súðavík lauk í febrúar við að byggja 120 m langa sjóvörn, um 2.350 m³, á móts við tjörnina á Langeyrinni. Byrjað var á verkinu í desember 2010. Heildargreiðsla til verktaka varð óbreytt frá upphaflegri samningsfjárhæð eða kr. 5.985.440.

Framkvæmdakostnaður: 6,7 millj. kr.

Fjallabyggð: Unnið var að undirbúningi sjóvarnar við fiskverkunarhús og sumarhús á Siglunesi samkvæmt samgönguáætlun. Í október 2009 óskaði Siglingastofnun eftir að Fjallabyggð heimilaði framkvæmdirnar og efnistöku vegna þeirra í grennd við Siglunesvita. Gerð sjóvarna og efnistaka var tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá. Þann 28. janúar 2010 ákvað Skipulagsstofnun að gerð tveggja sjóvarnargarða í fjörunni á Siglunesi og grjótnám væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til umhverfisráðuneytis í mars 2010. Niðurstaða þeirrar kæru lá ekki fyrir um áramót. Sveitarfélagið ákvað svo um mitt ár að framkvæmdum skyldi frestað. Í framhaldi af því lagði Siglingastofnun til við hafnaráð að færa upphæð sem áætluð var í sjóvörn á Siglunesi í sjóvörn á Hjalteyri. Hafnaráð samþykkti þá tilfærslu fyrir sitt leyti á fundi sem haldinn var 17. september 2010.

Framkvæmdakostnaður alls: 0,5 millj. kr.

Hörgársveit: Í nóvember var boðin út bygging um 490 m sjóvarnargarðs við Hjalteyri. Með viðbótarupphæð úr sjóvörn sem áætluð var á Siglunesi var hægt að lengja garðinn frá því sem gert var ráð fyrir í samgönguáætlun. Hann verður sunnan á eyrinni og nær norður fyrir Hjalteyrartjörn að sjóvörn sem þar er. Samið var við Árna Helgason ehf sem bauð lægst í verkið, kr. 11.887.650 sem var 64% af kostnaðaráætlun. Verkið var ekki hafið um áramót.

Framkvæmdakostnaður 2,1 millj. kr.

Norðurþing: Norðurtak ehf lauk í janúar samningsverki frá síðasta ári við sjóvörn undir Bökkum sunnan Húsavíkurhafnar. Um er að ræða endurbyggingu á sjóvörn á um 320 m kafla, u.þ.b. 100 m norðan við Þorvaldsstaðaá og 220 m sunnan árinna. Efni í garðinn, um 4.900 m³, var tekið úr Katlanámu.

Framkvæmdakostnaður: 3,2 millj. kr.

Hornafjörður: Ólafur Halldórsson lauk í ársbyrjum við gerð sjóvarnar framan við þrjú innsiglingarmerki á Suðurfjörðu samkvæmt verksamningi sem gerður var á síðasta ári. Efni í garða, um 600 m³, var tekið úr námu vestan Kolgrímu.

Framkvæmdakostnaður: 2,9 millj. kr.

Vík í Mýrdal: Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi sjóvarnar vestan við Víkurá. Í samgönguáætlun 2009-2012 var gert ráð fyrir 730 m löngum garði utan á flóðvarnargarð og í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps, sem fór í auglýsingu í desember 2009, var að mestu gengið út frá þeirri staðsetningu sjóvarnar.

Að ósk heimamanna fór Siglingastofnun í ágúst að kanna nýja hugmynd um varnargarð fram í sjó (sandfangara) og skilaði skýrslu sem kynnt var heimamönnum í nóvember 2010. Var þar gert ráð fyrir um 300 m löngum garði fram í sjó við Víkurána. Þessi útfærsla fékk góðar undirtektir og í framhaldi hóf sveitarstjórn vinnu við breytingu á nýsamþykktu aðalskipulagi. Skipulagsbreytingunni var ekki lokið fyrir áramót.

Jafnframt hönnun sandfangara vann Siglingastofnun að samningi um grjótnám við landeigendur á Eystri-Sólheimum. Upphafsgreiðsla vegna efnistökkunnar var greidd í desember og jafnframt samið við Suðurverk hf um kaup á tæplega 2000 m³ af stórgrýti af lager við Eystri-Sólheima.

Framkvæmdakostnaður: 14,8 millj. kr.

Sveitarfélagið Ölfus: Í samgönguáætlun var sjóvörn á 200 m kafla við golfvöll áætluð árið 2010 en árið eftir gert ráð fyrir 10 millj. kr. framkvæmd í Selvogi. Ákveðið var að bjóða þessi verkefni út í einu lagi. Unnið var að hönnun og undirbúningi útboðs.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Reykjanesbær: Lokið var uppgjóri vegna sjóvarnar sem Óskaverk ehf vann á árinu 2009 við Hákotstanga en sjóvörnin þar var lengd um 191 m í átt að Kópu.

Framkvæmdakostnaður: 11,8 millj. kr.

Álftanes, svf: Í janúar lauk Ellert Skúlason ehf samningsverki frá árinu 2009 við sjóvörn á 186 m kafla við Helguvík og 110 m kafla framan við Hlið. Við Helguvík fóru 1.830 m³ af grjóti og sprengdum kjarna í vörnina en 940 m³ við Hlið. Verktaki útvegaði efnið.

Framkvæmdakostnaður 2,1 millj. kr.

Seltjarnarnes: Leiðrétt uppgjör vegna sjóvarna sem unnið var við á síðasta ári.

Framkvæmdakostnaður 0,1 millj. kr. endurgreiðsla.

Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða.

Dalvíkurbyggð.

Dalvík: Að fenginni umsögn hafnaráðs á fundi 9. janúar 2009 var samþykkt að veita allt að 16,9 millj. kr. úr hafnabótasjóði í tjónaviðgerðir á Suðurgarði. Að lokinni undirbúningsvinnu var verkið boðið út í janúar 2010. Tólf verktakar buðu í endurbyggingu Suðurgarðs og bauð Dalverk ehf lægst kr. 11.991.000 um 61% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að endurraða og grjótverja Suðurgarð að nýju. Upphaflega var ætlunin að endurbyggja 180 m af garðinum en vegna hagstæðs tilboðs var ákveðið að ljúka við allan garðinn alls um 9.400 m³ þar af endurröðun 2000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 26,6 millj. kr., þar af ríkishluti 16,8 millj. kr.

Töflur.

Tafla I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2010 (fjárhæðir í millj. kr.)

6.70 Almennar hafnir						
Staður	Verkefni	Styrk- hlutf.	Heildar- kostn.	Styrk- hæft	Ríkis- hluti	
I. Innan grunnnets						
Af óskiptu fé til slysavarna	Dalvík, hækkun bryggjukants á Árskógssandi	60%	3,1	2,5	1,5	
Viðhaldsdýpkanir (og skjólgarðar)	Ísafjarðarbær, dýpkun í innsiglingu á Suðureyri	75%	1,1	0,9	0,6	
	Vestmannaeyjar, viðhaldsdýpkun Þorlákshöfn, viðhaldsdýpkun	75%	47,7	38,0	28,5	
		75%	18,0	14,4	10,8	
Snæfellsbær	Ólafsvík, endurbygging grjótvornar við Suðurgarð	75%	42,8	34,1	25,6	
	Ríf, grjótgarður við Tösku og sandfangari	75%	14,9	11,8	8,9	
Grundarfjörður	Flotbryggja	60%	2,9	2,3	1,4	
	Óldudempanði flái vestan Miðgarðs	75%	-1,3	-1,0	0,8	
	Ríf á Litlubryggju	60%	0,5	0,4	0,2	
Stykkishólmur	Smábátaviðlega	60%	0,2	0,1	0,1	
Vesturbyggð	Brjánslækur, lenging ferjubryggju	60%	0,2	0,1	0,1	
	Patreksfjörður, endurbygging stálþils	60%	113,8	91,4	54,9	
Bolungarvík	Endurbygging stálþils	60%	4,2	3,3	2,0	
Ísafjarðarbær	Ísafjörður, Mávagarður stálþilsbryggja	60%	27,4	21,8	13,1	
	Ísafjörður, dýpkun við bryggju Mávagarðs	75%	1,7	1,3	1,0	
Dalvíkurbyggð	Dalvík, ferjubryggja, stálþil, lagnir og þekja	60%	37,0	29,5	17,7	
Hafnasamlag Norðurlands	Grimsey, steypt þekja við harðviðarbryggju	60%	6,0	4,8	2,9	
	Grimsey, skutaðstaða fyrir ferjur	60%	8,0	6,4	3,8	
	Akureyri, Tangabryggja	60%	4,9	3,9	2,3	
	Akureyri, Oddeyrarbyggja	60%	3,1	2,5	1,5	
Langanesbyggð	Þórshöfn, endurbygging löndunarbryggju	60%	-0,2	-0,1	-0,1	
	Þórshöfn, endurbygging hafskipabryggju	60%	58,8	46,8	28,1	
Seyðisfjörður	Strandarbakki endurbygging fendera	60%	11,2	8,9	5,3	
	Endurbygging trébryggju við frystihús	60%	42,7	34,0	20,4	
Hornafjörður	Bryggja við Álaugarey, stálþil	60%	0,6	0,5	0,3	
Vestmannaeyjar	Básaskersbryggja endurbygging	60%	0,1	0,1	0,0	
	Bæjarbryggja endurbygging	60%	6,0	4,8	2,9	
Grindavík	Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs	60%	16,1	12,9	7,7	
	Nýr hafnsógubátur (togkr. 8-10t, LOA<15m)	75%	1,7	1,7	1,2	
Alls innan grunnnets			474,4	378,4	243,8	
II. Utan grunnnets						
Reykholahreppur	Reykholar, grjótvornargarður	75%	41,8	33,3	25,0	
Ísafjarðarbær	Þingeyri, ríf á gömlu trébryggjunni	60%	0,2	0,1	0,1	
Strandabyggð	Hólmavík, grjótvörn á vesturkant stálþils	75%	4,7	3,7	2,8	
	Borgarfjörður eystri	Viðlegubryggja við Hólmagarð	60%	15,3	12,2	7,3
		Tunna við enda Hólmagarðs	75%	6,8	5,4	4,1
	Dýpkun við viðlegubryggju	75%	0,1	0,1	0,1	
Fjarðabyggð	Stöðvarfjörður, endurbætur á bryggjukanti	60%	4,3	3,4	2,0	
Alls utan grunnnets			73,3	58,4	41,4	
Alls fjárlagaliður 6.70			547,7	436,7	285,2	
6.72 Landeyjahöfn	Ferjuhöfn	100%	1.328,6	1.328,6	1.328,6	
6.74 Lendingarbætur	Haukabergsvaðall	100%	0,1	0,1	0,1	
6.74 Lendingarbætur alls			0,1	0,1	0,1	
6.76 Ferjubryggjur						
6.76 Ferjubryggjur alls	Vigur ferjubryggja	100%	0,6	0,6	0,6	
6.76 Ferjubryggjur alls			0,6	0,6	0,6	
III. Tjónaviðgerðir						
Dalvíkurbyggð	Dalvík, lagfærðar skemmdir á Suðurgarði	75%	26,8	21,4	16,0	
Alls tjónaviðgerðir			26,6	21,4	16,0	

**Tafla II. Verk sem lokið var við árið 2010 á meðalverðlagi ársins 2010.
(Ríkisluti framkvæmda í milljónum kr.).**

	Skv. samgönguáætlun				Samtals	Verkuppgjör				Samtals
	2007	2008	2009	2010		2007	2008	2009	2010	
6.70 Almennar hafnir										
Snæfellsbær	Rif, Grjótgarður að Tösku og sandfangari.	101,4	23,6		125,0	0,0	82,2	47,7	8,9	138,7
Grundarfjörður	Flotbryggja.	4,9	1,8		6,7	0,0	3,8	0,1	1,4	5,3
Strandabyggð	Hólmarvík, grjótörn á vestur			12,1	12,1	0,0	0,0	4,4	2,8	7,2
Hafnasamlag	Grimsey, steypt þekja við harðviðarbryggju Akureyri, Tangabryggja verklok, kantbiti, lagnir og þekja				2,9	0,0	0,0	0,0	2,9	2,9
Norðurlands		37,1	15,5		52,6	4,5	9,5	19,6	2,3	36,0
Langanesbyggð	Þórshöfn, hafskipabryggja endurbyggð.	43,9	31,7	40,1	26,1	141,7	5,5	65,5	37,9	28,1
Vestmannaeyjar	Viðhaldsdýpkun Bæjarbryggja endurbygging, vesturkantur.			14,5	14,7	29,3	0,0	0,0	1,4	28,5
				8,2		8,2	0,0	0,1	3,4	2,9
Grindavík	Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs - verklok	53,7	34,6			88,2	47,7	0,0	14,9	7,7
Alls		134,6	172,5	115,8	43,7	466,6	57,8	161,0	129,4	85,5

Tafla III. Kostnaður við sjóvarnir 2010 (fjárhæðir í millj. kr.)

Staður	Heildar-kostnaður	Ríkisluti 7/8 hlutar
Akranes	20,9	18,3
Snæfellsbær	10,7	9,2
Ísafjarðarbær	0,1	0,1
Súðavíkurreppur	6,7	5,9
Fjallabyggð	0,5	0,4
Arnarneshreppur (Hjalteyri)	2,1	1,8
Norðurþing	3,7	3,2
Hornafjörður svf	3,3	2,9
Mýrdalshreppur	16,9	14,8
Ölfushreppur	0,6	0,5
Sandgerði	0,0	0,0
Reykjanesbær	11,8	10,3
Álftanes svf	2,1	1,8
Seltjarnarnes	-0,1	-0,1
Samtals	79,3	69,2
Fjárveitingar til sjóvarna 2010		83,6
Ónýttar fjárheimildir frá 2009		25,1
Fluttar fjárheimildir til 2011		39,5

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnagerðar 2010 (millj. kr.).

Fjárl.Í		Flutt til	Sérstök tilfærsla	Fjárlög og fjáráukalög	Ríkisluti framkvæmda	Flutt til
.	Höfn	2010	2010	2010	2010	2011
6.70	Hafnabótasjóður					
	Snæfellsbær	5,3	10,0	18,5	34,5	-0,7
	Grundarfjörður	2,5	-0,1		2,4	0,0
	Stykkishólmur	0,0	0,0		0,1	-0,1
	Reykhólar	0,0	-3,2	29,9	25,0	1,6
	Vesturbyggð	55,4	0,0	5,9	55,0	6,3
	Bolungarvík	2,9	-0,5	0,0	2,0	0,4
	Ísafjarðarbær	-0,3	-8,0	33,8	14,2	11,3
	Norðurfjörður	1,9	-1,8	0,0	0,0	0,0
	Drangsnes	0,0	0,0		0,0	0,0
	Hólmavík	2,8	8,0	0,0	2,8	8,0
	Dalvíkurbær	7,9	-0,8	11,0	17,7	0,3
	Grimsey	3,9	0,0	4,8	6,7	2,0
	Hafnasamlag Norðurlands	0,0	-0,7	21,0	3,8	16,5
	Norðurþing	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	Langanesbyggð	5,4	-3,1	25,8	28,0	0,0
	Borgarfjörður	0,0	0,0	17,1	11,4	5,7
	Seyðisfjörður	18,6	-0,6	10,5	25,8	2,8
	Fjarðabyggð	0,0	3,0	0,0	2,0	1,0
	Hornafjörður	0,3	0,0		0,3	0,0
	Vestmannaeyjar	2,9	5,4	0,0	2,9	5,4
	Grindavík	8,9	0,1		9,0	0,0
	Óskipt til viðhaldsdýpkana/ skjólgarða	-45,7	-6,2	103,7	40,1	11,7
	Óskipt til slysavarna	2,0	-1,4	0,6	1,5	-0,3
	Samt. 6.70	74,6	0,0	282,6	285,3	72,0
6.72	Landeyjahöfn	76,4	0,0	1.385,6	1.328,6	133,3
6.73	Tollaöstaðan á Seyðisfirði	0,4	0,0	0,0	0,0	0,4
6.74	Lendingabætur	4,8	0,0	0,0	0,1	4,8
6.76	Ferjubryggjur	7,6		12,3	0,6	19,3
6.81	Vestmannaeyjaferja	0,1	0,0		0,0	0,1
	Samtals allir liðir:	163,9	0,0	1.680,5	1.614,5	229,9

Tafla V. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2010 (millj. kr.).

6.70	Almennar hafnir	282,6
6.72	Landeyjahöfn	1385,6
6.76	Ferjubryggjur	12,3
	Samtals	1.680,5

Tafla VI. Úthlutanir B-deildar hafnarbótasjóðs 2010.

Styrkir til nýframkvæmda

Staður	Upphæð
Stykkishólmur	200.000
Reykholahreppur	6.000.000
Vesturbyggð	11.000.000
Dalvíkurbyggð (ferjuaðstaða)	2.800.000
Grimseyjarhreppur	1.200.000
Langanesbyggð / Þórshöfn og Bakkafjörður	6.500.000
Seyðisfjörður	2.600.000
Samtals kr.	34.600.000
Styrkir alls kr.	34.600.000

Lán
Engin lán voru veitt á árinu.

Tafla VII. Fjárveitingar til sjóvarna 2010 (fjárlagaliður 10-335 með fjárveitingum ársins og ónotuðum fjárheimildum í upphafi árs)

Sveitarfélag	Upphæð í kr.
Akraneskaupstaður	18.500.000
Snæfellsbær	2.500.000
Súðavíkurhreppur	5.300.000
Fjallabyggð	7.800.000
Arnarneshreppur (Hjalteyri)	11.100.000
Mýrdalshreppur	98.900.000
Ölfus	3.200.000
Reykjanesbær	10.700.000
Óskipt	800.000
Samtals	158.800.000

Tafla VIII. Sjóvarnir sem lokið var við árið 2010 á meðalv. 2010 (Ríkisluti framkvæmda í millj. kr.)

Sveitafélag	Siglingamálaáætlun (Verðlag framreiknað til 2010)				Verkuppgjör (Verðlag framreiknað til 2010)			
	2008	2009	2010	Samtals	2008	2009	2010	Samtals
Akranes, vestan skipasmíðast., Kalmansv. og Miðvogur			18,6	18,6	0,0	0,0	18,3	18,3
Snæfellsbær, Ólafsvík við Klumbu og Snoppu og Barðastaðir (Staðarsveit)		16,6		16,6	5,9	9,3	9,2	24,3
Súðavíkurhreppur, Súðavík við Langeyri		5,6		5,6	0,0	0,3	5,9	6,2
Dalvík, Árskógssandur		7,8		7,8	5,8	8,8	0,0	14,7
Fjallabyggð, Siglunes mælingar		0,4		0,4	0,0	1,6	0,4	2,0
Hornafjörður, við innsiglingarmerki Suðurfjöru		5,4		5,4	0,0	0,2	2,9	3,1
Norðurþing, Húsavíkurbakkar styrking		12,9		12,9	0,0	9,2	3,2	12,4
Reykjanesbær, Innri Njarðvík Hákotstangi		4,4	10,8	15,2	0,1	6,3	10,3	16,7
Alftanes, við Hlið og Helgúvík vestanv.		15,5		15,5	1,1	5,6	1,8	8,5
Samtals	0,0	68,6	29,4	98,0	12,9	41,3	52,0	106,3